

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

20. desember 2021

Efni: Athugasemdir BHM við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Barna- og fjölskyldustofu og lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (flutningur starfsmanna). 152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 196 — 188. mál.

Texti BHM fékk til umsagnar sl. föstudag ofangreint frumvarp og var óskað eftir því bandalagið að það sendi inn umsögn sem fyrst og eigi síðar en í dag, en það var ekki sent í samráðsferli.

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að starfsmenn Barnaverndarstofu sem eru í starfi við gildistöku laga þessara og starfsmenn Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar verði áfram starfsmenn stofnananna með sömu ráðningarkjörum. Í athugasemdum við áður nefndar greinar frumvarpsins kemur hins vegar fram eftirfarandi: „Leitast verður við að bjóða starfsmönnum að sinna svipuðum verkefnum og þeir hafa áður sinnt en jafnframt verður þó að hafa hliðsjón af óhjákvæmilegum breytingum sem fylgja breyttum verkefnum stofnunarinnar.“

BHM leggur mikla áherslu á að það verði tryggt að starfsmönnum verði boðin sama eða sambærileg staða en orðalagið „Leitast verður við....“ veldur bandalaginu áhyggjum. Mikilvægt er að breytingar á verkefnum leiði ekki til þess að starfi verði breytt það mikið að það verði mögulega lagt niður eða starfsmönnum sagt upp. BHM telur mikilvægt að það sé alveg skýrt.

Þá þarf að tryggja að stofnanasamningar og önnur kjör og réttindi samkvæmt lögum og kjarasamningum falli undir ráðningarkjör sem fylgja starfinu.

Erna Guðmundsdóttir [sign]
Framkvæmdastjóri BHM